ARNARSKÓLI

Stefna Arnarskóla 2022-2027

Um stefnu Arnarskóla 4
Leiðarljós 4
Áherslur 5
Gott náms- og starfsumhverfi 5
Þróunarstarf og fræðsla 5
Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð. 5
Markmið 6
Verkefnastofnar 6
Áhersluþáttur: Gott náms- og starfsumhverfi 7
Markmið: Bætt aðstaða innan og utanhúss. 8
Verkefnastofnar 8
Markmið: Aukin samvinna 9
Verkefnastofnar 9
Markmið: Einstaklingsmiðað hvetjandi námsumhverfi 9
Verkefnastofnar 9
Markmið: Námsumhverfi sem tekur tillit til færni, menningar og fjölbreytileika 10
Verkefnastofnar 10
Markmið: Að skólastarfið byggi á sannreyndum starfsháttum 10
Verkefnastofnar 10
Áhersluþáttur: Þróunarstarf og fræðsla 11
Markmið: Innleiðing á sannreyndu námsefni 11
Verkefnastofnar 12
Markmið: Stuðningur við almenna skóla 12
Verkefnastofnar 12
Markmið: Nýsköpun, framfarir og fræðsla 13
Verkefnastofnar 13
Markmið: Samstarf heimilis og skóla 13
Verkefnastofnar 13
Áhersluþáttur: Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð 14
Markmið: Aukin tengsl við nærumhverfið 15
Verkefnastofnar 15
Markmið: Auka aðgengi nemenda að samfélaginu 15

Markmið: Auka aðgengi samfélagsins að skólanum 16
Markmið: Umhverfisvænir og sjálfbærir starfshættir 16
Verkefnastofnar 16
Markmið: Aukin fræðslu til skólasamfélagsins með það að markmiði að auka víðsýni, umburðarlyndi og meðvitund um réttindi barna 16
Verkefnastofnar 16
Markmið: Aukin þátttaka nemenda í samfélagslega mikilvægum verkefnum 17
Verkefnastofnar 17

Um stefnu Arnarskóla

Stefnumótun Arnarskóla var gerð í samvinnu við starfsfólk, nemendur, foreldra og utanaðkomandi aðila úr skólasamfélaginu. Við stefnuna var í upphafi stuðst við að finna leiðarljós sem ættu að einkenna alla þætti stefnunnar. Í framhaldi af því voru áherslur ákveðnar sem skiptast í þrennt, markmið voru mótuð úr hverju áhersluatriði og í framhaldi af því verkefnastofnar undir hverju markmiði. Verkefnastofnar verða unnir áfram í samvinnu við nemendur, forráðamenn og starfsfólk. Stefnan verður endurskoðuð að hausti 2027.



Leiðarljós

Skólastarfið á að byggja á ánægju, virkni og sátt allra sem að starfinu koma. Til að ná þessu markmiði byggir stefna skólans á eftirfarandi leiðarljósum sem eiga að birtast í öllu starfi skólans og einkenna öll áhersluatriði stefnu skólans.

Traust: Okkur er ljóst mikilvægi traust í samvinnu við nemendur okkar, foreldra þeirra og að samfélagið beri traust til okkar starfs.

Fagmennska/gæði: Nemendur okkar eiga skilið að unnið sé af fagmennsku og heilindum að þeirra hagsmunum til að stuðla að velferð þeirra og færni til framtíðar. Starfsemi skólans þarf að standast alþjóðlegan samanburð svo háskólanemar geti sótt þar starfsnám sem byggir upp færni þeirra og þekkingu sem nýtist skólasamfélaginu öllu.

Gleði/ánægja: Mikilvægt er að allir taki þátt af áhuga í starfi skólans og þar ríki gleði. Starfið á að byggja á hvetjandi starfsháttum bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Samvinna: Samvinna skal einkenna allt starf Arnarskóla, bæði innan veggja skólans og við skólasamfélagið allt, til dæmis nemendur, foreldra, nærumhverfi sveitarfélög og stoðþjónustu.

Áherslur

Áherslur í stefnu skólans skiptast í þrjá þætti sem ætlað er að ná utan um starf skólans á næstu árum. Áhersluatriðin eru fjölbreytt og ólík. Markmið og verkefnastofnar sem fylgja hverju áhersluatriði gefa skýrari mynd af birtingarmyndinni í daglegu starfi skólans. Eftirfarandi áhersluatriði einkenna skólastarfið á árunum 2022-27:

Gott náms- og starfsumhverfi

Þróunarstarf og fræðsla

Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð.

Tengsl leiðarljósa við áhersluatriði og verkefnastofna eru mörg og verða ekki talinn öll upp hér. Taflan hér að neðan gefur dæmi um hvernig leiðarljós og áhersluatriði vinna saman að bættu skólastarfi.

	Leiðarljós			
Áhersluatriði	**Traust**	**Fagmennska/gæði**	**Gleði/ánægja**	**Samvinna**
Gott náms og starfsumhverfi	Starfs og námsumhverfi skal byggja á trausti allra sem að starfinu koma	Fagmennska og gæði skulu stuðla að góðu náms og starfsumhverfi	Gleði og ánægja skal einkenna náms og starfsumhverfi skólans	Samvinna allra skal einkenna gott náms- og starfsumhverfi
Þróunarstarf og fræðsla	Þróunarstarf og fræðsla skal byggja á trausti og ýta undir traust	Þróunarstarf og fræðsla skal byggja á fagmennsku/gæðum ásamt því að ýta undir fagmennsku/gæði	Við þróunarstarf og fræðslu skal hafa gleði og ánægju í forgrunni	Þróunarstarf og fræðsla byggir á samvinnu og þau verkefni sem komið er á fót ættu meðal annars að huga sérstaklega að bættri samvinnu
Þáttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð	Forsenda þátttöku í samfélaginu er traust. Samfélagsleg ábyrgð ýtir undir að traust ríki til skólans	Fagmennska og gæði ýta undir að vel takist til í verkefnum sem stuðla að þátttöku í samfélagi	Verkefni sem ýta undir þátttöku í samfélaginu og samfélagslega ábyrgð skulu byggja á gleði og ánægju	Samvinna er forsenda þess að hægt sé að ýta undir þátttöku í samfélagi og samfélagslega ábyrgð.

Markmið

Mótuð hafa verið markmið með hverju áhersluatriði sem ætlað er að skýra hvernig unnið verði markvisst að því að ná árangri á hverju áhersluatriði og gert er grein fyrir þessum markmiðum þegar hvert áhersluatriði er kynnt nánar hér að neðan.

Verkefnastofnar

Undir hverju markmiði eru margvíslegir verkefnastofnar. Lögð hafa verið drög að ákveðnum verkefnastofum að hausti 2022 en verkefnastofnar verða unnir áfram í samvinnu með nemendum, forráðamönnum og starfsfólki og gert er grein fyrir þessum verkefnastofnum í starfsáætlun hvers árs, langtímaáætlun verður birt að hausti 2023.

Áhersluþáttur: Gott náms- og starfsumhverfi

Til að nemendur og starfsfólk geti notið sín eins vel og mögulegt er í skólastarfinu skal huga markvisst að bættu náms- og starfsumhverfi. Hér neðan er yfirlit yfir markmið og verkefnastofna sem miða að því að stuðla að góðu náms og starfsumhverfi.

Áherslu-atriði:	**Gott náms- og starfsumhverfi**				
Markmið:	**Bætt aðstaða innan og utanhúss**	**Aukin samvinna**	**Einstaklingsmiðað hvetjandi námsumhverfi**	**Náms-umhverfi sem tekur tillit til færni, menningar og fjölbreytileika**	**Sannreyndir kennsluhættir**
Verkefnastofnar	Hefja starfsemi í þriðju álmunni	Efla teymisvinnu og tengsl stoðþjónustu við nemendur og starfsfólk	Gera dálætismat reglulega með nemendum	Starfsþjálfun efld með það að markmiði að taka á móti starfsfólki með ólíkan menningarlegan bakgrunn	Auka endurmenntun starfsmanna
	Laga skólalóð	Auka hópakennslu	Áhersla á hvetjandi og áhugavekjandi námsleiðir og viðfangsefni		Sérhæfing starfsmanna og starfsmannahópa
	Laga bílastæðin	Þátttaka nemenda byggir á samvinnu	Efla símenntun starfsfólks		Sækja ráðstefnur
	Bæta aðstöðu fyrir raunveruleikatengd verkefni (ADL, ónæming ofl.)	Aukin samvinna við heimili			Auka erlent samstarf
	Bætt skipulag innanhúss				

Markmið: Bætt aðstaða innan og utanhúss.

Unnið verður markvisst að því að aðlaga húsnæði skólans að þörfum nemenda og starfsfólks á næstu árum.

Verkefnastofnar sem stuðla að bættri aðstöðu. Nánari lýsing á verkefnastofnum og ábyrgðaraðilum er í starfsáætlun hvers árs. Unnið verður að mótun fleiri verkefnastofna í samráði við nemendur, starfsfólk og forráðamenn.

Verkefnastofnar undir áhersluatriðinu “bætt aðstaða innan og utanhúss”	Lýsing
Að stækka skólann í fulla stærð til framtíðar sem eru 45-50 nemendur	Taka í notkun A hluta kópavogsbrautar 5 þegar íbúar í þeim hluta hússins hafa fengið úthlutað húsnæði sem hentar þeirra þörfum betur.
Laga skólalóð	Fjölga leiktækjum með aðgengi fyrir alla óháð hreyfigetu og útbúa útisvæði sem hentar ungum sem öldruðum til skemmtunar og hreyfingar.
Bæta bílastæði og aðgengi að skólanum	Útbúa bætta bílastæðaaðstöðu og aðgengi fyrir ferðaþjónustu fatlaðra að skólanum
Bæta kennsluaðstöðu fyrir raunveruleikatengd verkefni	Koma upp bættri aðstöðu í raunveruleikatengdri kennslu s.s. læknisheimsóknum, tannlæknaheimsóknum, klippingu svo eitthvað sé nefnt
Bæta skipulag innanhúss	Aðlaga húsnæði enn frekar að þörfum skólans með bættum hillum og hirslum til að auðvelda skipulag á námsefni og öðru sem nauðsynlegt er fyrir skólastarfið.

Markmið: Aukin samvinna

Stefnt er að því að samvinna einkenni allt skólastarf skólans. Með þessu er átt við samvinnu við nemendur, forráðamenn, starfsfólk og utanaðkomandi aðila.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar undir áhersluatriðinu “aukin samvinna”	Lýsing
Efla teymisvinnu og tengsl stoðþjónustu við nemendur og starfsfólk	Með markvissum hætti vinna að því og viðhalda, að ólíkar starfsstéttir innan skólans vinni saman í teymum að hagsmunum nemenda. Að viðhalda og efla tengsl við alla stoðþjónustu sem getur bætt líðan og nám nemenda.
Auka hópakennslu	Efla hópakennslu í samræmi við getu nemenda þar sem tryggt er að kennslan sé þó einstaklingsmiðuð með þeim hætti að hún falli að markmiðum í einstaklingsnámskrám nemenda.
Þátttaka nemenda byggi á samvinnu	Nota kennsluaðferðir sem byggja á samvinnu nemenda og starfsfólks þar sem nemendur geta haft áhrif á námsumhverfi sitt, afþreyingu og námsefni.
Aukin samvinna við heimili	Stuðla að yfirfærslu á færni nemenda á milli skóla og heimilis með því að kenna færni heima og styðja foreldra til þeirrar kennslu.

Markmið: Einstaklingsmiðað hvetjandi námsumhverfi

Skólastarfið skal byggja á einstaklingsmiðuð hvetjandi námsumhverfi þar sem nemendur fá færi á að hafa áhrif á námsumhverfi sitt, verkefni og afþreyingu.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar undir áhersluatriðinu “einstaklingsmiðað hvetjandi námsumhverfi”	Lýsing
Gera dálætismat reglulega með nemendum og byggja starfshætti á niðurstöðum matsins	Margir nemendur skólans geta átt erfitt með að gera grein fyrir því með skýrum hætti hvaða iðja/hlutir gleðja og hvetja áfram. Dálætismat (preference assessment) er leið sem auðveldar nemendum að gera grein fyrir vali sínu í þeim efnum. Dálætismat er því mikilvægur hluti af skólastarfinu svo hægt sé að skipuleggja námið með því að flétta með einstaklingsmiðuðum hætti áhugasvið nemenda inn í námið.

Áhersla á hvetjandi og áhugavekjandi námsleiðir og viðfangsefni.	Leita leiða til að nýta með markvissum hætti áhugasvið nemenda í verkefnavali og almennt í skipulagningu námsins.
Efla símenntun starfsfólks	Leita leiða til að efla símenntun starfsfólks sem gert er grein fyrir í starfsáætlun hvers árs

Markmið: Námsumhverfi sem tekur tillit til færni, menningar og fjölbreytileika

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar undir áhersluatriðinu “námsumhverfi sem tekur tillit til færni, menningar og fjölbreytileika	Lýsing
Starfsþjálfun efld með það að markmiði að taka á móti starfsfólki með ólíkan menningarlegan bakgrunn.	Áherslur í starfsþjálfun endurskoðaðar með því starfsfólki sem vinnur í skólanum sem hefur annan bakgrunn en íslenskan og áhersluatriðum bætt í starfsþjálfun til að efla þennan hluta.
Móttökuáætlanir nemenda endurskoðaðar fyrir nemendur með ólíkan menningarlegan bakgrunn	Skipulag á móttökuáætlunum endurskoðað með forráðamönnum sem hafa annan bakgrunn en íslenskan .

Markmið: Að skólastarfið byggi á sannreyndum starfsháttum

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar undir áhersluatriðinu “að skólastarfið byggi á sannreyndum **starfsháttum**”	Lýsing
Auka endurmenntun starfsmanna	Efla fræðslu bæði innan Arnarskóla á milli starfsfólks og með utanaðkomandi fræðslu.
Sérhæfing starfsmannahópa	Gefa starfsfólki færi á að nýta styrkleika sína í ákveðnum verkefnum. Með þessu skipulagi er sérstaklega verið að huga að verkefnum sem eru flókin og tekur starfsfólk langan tíma að tileinka sér s.s. kennsla á notkun samskipatölva
Sækja ráðstefnur	Að gefa sem flestu starfsfólki skólans færi á að sækja ráðstefnur Að gefa kennurum, atferlisfræðingum og öðru sérmenntuðu starfsfólki skólans færi á að sækja ráðstefnur reglulega.
Auka erlent samstarf	Byggja upp og viðhalda tengslum við Morningside Academy í Seattle og NECC í Boston.
Háskólasamstarf	Að skólastarf Arnarskóla byggi á þátttöku í rannsóknum sem geta eflt líðan og nám nemenda. Þátttaka á þjálfun háskólanema með markvissu starfsnámi.

Áhersluþáttur: Þróunarstarf og fræðsla

Mikilvægt er að flétta saman skólastarfið við þróunarstarf og fræðslu. Markmið með slíkum vinnubrögðum er að vera stöðugt að leitast við að bæta skólastarf nemenda skólans samhliða því að taka þátt í að byggja upp þekkingu skólasamfélagsins almennt í þágu nemenda utan Arnarskóla.

Hér að neðan er yfirlit yfir markmið og verkefnastofna sem falla undir þróunarstarf og fræðslu.

Áhersluatriði:	**Þróunarstarf og fræðsla**			
Markmið:	**Innleiðing á sannreyndu námsefni**	**Stuðningur við almenna skóla**	**Nýsköpun,framfarir, fræðsla og símenntun**	**Heimili og skóli**
Verkefnastofnar:	Efla samstarf við háskóla	Ráðgjöf til almennra skóla	Kynna starf skólans og rannsóknir á ráðstefnum og fagritum.	Auka fræðslu til forráðamanna
	Gera rannsóknir sem eru í þágu nemenda skólans	Uppbygging á þjónustu fyrir nemendur með þroskafrávik innan almennra skóla		
	Þátttaka í þýðingu og aðlögun á sannreyndu námsefni			

Markmið: Innleiðing á sannreyndu námsefni

Sannreyndir starfshættir í skólastarfi byggja á því að nýta aðferðir sem sannað hafa gildi sitt til þess að stuðla að bættri líðan nemenda og árangri í námi. Mikilvægur þáttur í sannreyndum starfsháttum er að

hafa aðgang að námsefni sem sannað hefur gildi sitt, fellur að sannreyndum starfsháttum og hæfir getu nemenda. Unnið verður að því að innleiða slíkt efni í auknu mæli inn í skólastarfið.

Verkefnastofnar

Nánari lýsing á verkefnastofnum og ábyrgðaraðilum er í starfsáætlun hvers árs. Unnið verður að mótun fleiri verkefnastofna í samráði við nemendur, starfsfólk og forráðamenn.

Verkefnastofnar	Lýsing
Efla samstarf við háskola	Styrkja tengsl við háskóla með það að markmiði að koma auga á námsefni sem gæti gagnast nemendum Arnarskóla og skapa þekkingu innan Arnarskóla á því hvernig nýta má efnið.
Gera rannsóknir sem eru í þágu nemenda skólans	Prófa og meta með markvissum hætti kennsluefni sem gæti hentað nemendum skólans og þannig byggja upp sterkari grunn námsefnis sem hægt er að nýta fyrir nemendur.
Þátttaka í þýðingu og aðlögun á sannreyndu námsefni	Vinna með háskólanemum að þýðingu á námsefni sem gæti gagnast nemendum skólans.

Markmið: Stuðningur við almenna skóla

Stefnt er að því að stuðningur við almenna skóla verði hluti af starfsemi Arnarskóla og skólinn taki þannig með fjölbreyttum hætti þátt í að byggja upp skólaþjónustu fyrir nemendur sem þurfa mikinn stuðning í námi og leik.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	Lýsing
Ráðgjöf til almennra skóla	Byggja upp ráðgjafaþjónustu við tvö sveitarfélög þar sem veitt er ráðgjöf og stuðningur til almennra skóla.
Uppbygging á heildstæðri þjónustu innan almennra skóla fyrir nemendur með þroskafrávik	Koma á fót 3-5 ára verkefnum þar sem sveitarfélag er stutt við við að byggja upp heildstæða þjónustu innan almennra skóla fyrir nemendur með þroskafrávik. Verkefnið miðar því að því að mæta þörfum nemenda innan almennra skóla. Markmið verkefnisins er að byggja upp þekkingu innan sveitarfélags og draga markvisst úr aðkomu Arnarskóla í verkefninu.

Markmið: Nýsköpun, framfarir og fræðsla

Hlutverk Arnarskóla er að efla þjónustu fyrir nemendur sem þurfa mikinn stuðning í námi. Skólinn mun taka þátt í slíkri vinnu á breiðum grundvelli og nýsköpun, framfarir og fræðsla er mikilvægur þáttur í þessu hlutverki skólans.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	**Lýsing**
Kynna starf skólans og rannsóknir á ráðstefnum og í fagritum	Setja upp markmið í starfsáætlun hvers árs um hvernig verði unnið að þessu kynningarstarfi. Upplýsa einnig háskólana sem vinna með Arnarskóla að rannsóknum um þeirra hlutverk í þessu kynningarstarfi.

Markmið: Samstarf heimilis og skóla

Gott samstarf heimilis og skóla er lykilþáttur þegar kemur að árangursríku skólastarfi. Stefnt er að auknu samstarfi við heimili og að einn liður í því samstarfi sé fræðsla til forráðamanna.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	**Lýsing**
Aukin fræðsla til forráðamanna	Koma á fót viðburðum þar sem boðið er upp á fræðslu til forráðamanna.

Áhersluþáttur: Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð

Eitt af meginmarkmiðum alls skólastarf er að ýta undir þátttöku í samfélagi og samfélagslega ábyrgð. Það má því færa rök fyrir því að skólanámskrá og allt starf skólans falli undir þennan áhersluþátt. Í stefnu Arnarskóla er þó sérstaklega gert grein fyrir þessum áhersluþætti og hér að neðan má sjá hvernig markmið og verkefnastofnar falla undir þetta áhersluatriði.

Áherslu atriði	**Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð**					
Markmið	**Aukin tengsl við nærumhverfi**	**Auka aðgengi nemenda að samfélaginu**	**Auka aðgengi samfélagsins að skólanum**	**Umhverfisvænir og sjálfbærir starfshættir**	**Auka fræðslu til skólasamfélagsins með það að markmiði að auka víðsýni, umburðarlyndi og meðvitund um réttindi barna**	**Auka þátttöku nemenda í samfélagslega mikilvægum verkefnum.**
Verkefnastofnar	Kynna fyrir foreldrum tómstundastarf	Styðja betur við tómstundir nemenda utan skóla		Innleiðing á umhverfisverndarstefnu	Taka þátt í koma á verklagi í skólum í Kópavog þegar réttindi og velferð barna stangast á.	Þátttaka nemenda í góðgerðarverkefnum
	Uppbygging á sameiginlegu útivistarsvæði með Sunnuhlíð	Koma á fót samvinnuverkefnum við nágrannaskóla í Kópavogi	Fá nemendur Vinnuskóla Kópavogs í verkefni í Arnarskóla	Þemavinna með heimsmarkmið sameinuðuþjóðanna	Reglulegar kynningar á trúnaði og hvernig við tölum af virðingu um nemendur okkar	

Byggja upp tengsl við Sunnuhlíð	Koma á fót vinnuskóla Arnarskóla	Fá nemendur í eldribekkjum grunnskólum Kópavogs í verkefnimeð nemendum Arnarskóla.		Kynningar fyrir nemendur annarra skóla um einhverfu/þroskafrávik	

Markmið: Aukin tengsl við nærumhverfið

Arnarskóli er staðsettur á Kársnesi í Kópavogi og er eðli málsins samkvæmt hluti af stærri heild, skólasamfélaginu öllu og lýðræðislegu samfélagi. Mikilvægt er að viðhalda og styrkja tengsl skólans við nærumhverfið til að nemendur fái færi á að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi og mótaðir hafa verið verkefnastofnar til að stuðla að þeirri þátttöku.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	Lýsing
Kynna fyrir foreldrum tækifæri til frístundastarfs	Halda utan um tækifæri til frístundastarfs, kynna þessi tækifæri fyrir nemendum og taka virkan þátt í kennslu og æfingum til þess að nemendur geti nýtt sér þessi tækifæri.
Uppbygging á sameiginlegu útisvæði með sunnuhlíð	Byggja upp skólalóðina þannig að hún henti fólki á ólíkum aldursskeiðum með ólík áhugamál og misjafna hreyfigetu. Svæðið nýtist því til leiks, útivistar og hreyfingar fyrir alla áhugasama.
Byggja upp frekari tengsl við Sunnuhlíð	Móta verkefni þar sem íbúar Sunnuhlíðar og nemendur Arnarskóla geta notið samveru saman.

Markmið: Auka aðgengi nemenda að samfélaginu

Til að nemendur geti verið virkir þegnar í lýðræðislegu samfélagi er mikilvægt að skólinn byggi upp kennslu og skólastarfið þar sem hugað er sérstaklega að því að ýta undir og stuðla að aukni aðgengi nemenda að samfélaginu. Verkefnastofnar verða mótaðir í samvinnu við nemendur, forráðamenn og starfsfólk til að fjölga þessum tækifærum. Gert er grein fyrir verkefnastofnum í starfsáætlun hverju sinni.

Markmið: Auka aðgengi samfélagsins að skólanum

Til að stuðla að því að Arnarskóli og nemendur skólans séu hluti af nærumhverfinu og skólasamfélaginu öllu er mikilvægt að auka aðgengi samfélagsins að skólanum. Verkefni sem ýta undir þetta markmið gegna hlutverki í að auka víðsýni, opna á tækifæri nemenda til þátttöku í samfélagi og styrkja tengsl við nær- og fjær umhverfi. Verkefnastofnar munu verða mótaðir með nemendum, foreldrum og starfsfólki til að ná þessu markmiði. Gert er grein fyrir verkefnastofnum í starfsáætlun hverju sinni.

Markmið: Umhverfisvænir og sjálfbærir starfshættir

Mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi er sjálfbærni. Sá þáttur er skýr í aðalnámskrá og unnið er að sjálfbærni á öllum stigum náms skólans. Verkefnastofnar til að byrja með eru með áherslu á bætta umhverfisstefnu og atriði sem tengjast henni. Verkefnastofnarnir munu svo þróast áfram í samvinnu með nemendum, forráðamönnum og starfsfólki skólans.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	Lýsing
Innleiðing á umhverfisverndarstefnu	Skipuð verður umhverfisnefnd sem mun móta stefnuna.
Þemavinna út frá heimsmarkmiðum sameinuðuþjóðanna	Þemavinna þar sem nemendur og starfsfólk vinnur út frá heimsmarkmiðunum og sú vinna fléttast inn í skólastarfið.

Markmið: Aukin fræðslu til skólasamfélagsins með það að markmiði að auka víðsýni, umburðarlyndi og meðvitund um réttindi barna

Mikilvægt er að stuðla að víðsýni, umburðarlyndi og meðvitund um réttindi barna til að bæta samfélagið almennt. Það er einnig sérstaklega mikilvægt að árangur náist í þeim efnum til þess að nemendur í veikri stöðu fái að fullnýta færni sína og tækifæri til framtíðar. Vegna þessa er mikilvægt að Arnarskóli taki virkan þátt í fræðslu og leggi þannig sín lóð á vogarskálarnar í að skapa aukin tækifæri fyrir fjölbreyttan hóp einstaklinga og stuðli að því að gætt sé að þeirra réttindum og velferð.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	Lýsing
Koma á fót verklagi innan Kópavogs um vinnubrögð þegar réttindi og velferð nemenda stangast á	Verkefni sem byggir á því að auka þekkingu skóla á réttindum nemenda og hvernig skal vinnubrögð skólar skulu nota ef réttindi og velferð barna stangast á. Verkefnið felur í sér eftirlit með nauðung, auknu aðhaldi um atvikaskráningar innan skóla og aukin stuðning til skóla til að bæta námsumhverfi og líðan nemenda.

Reglulegar kynningar á trúnaði og hvernig talað er af virðingu um og við nemendur	Fræðsla og kynningar sem eru fastur hluti af starfþjálfun og endurmenntun
Kynningar fyrir aðra skóla um þroskafrávik	Fagfólk Arnarskóla sinnir kynningum um þroskafrávik til annarra skóla, réttindi og velferð nemenda.

Markmið: Aukin þátttaka nemenda í samfélagslega mikilvægum verkefnum

Nemendur Arnarskóla þurfa stuðning í mörgum aðstæðum en hafa margt fram að færa í ýmsum samfélagslega mikilvægum verkefnum. Mikilvægt er að skólinn sinni þessum hluta námsins til að byggja upp sjálfsmynd nemenda, sjálfstraust og stuðla að því að nemendur fái tækifæri til að nýta alla þá færni sem þeir búa yfir.

Verkefnastofnar

Verkefnastofnar	**Lýsing**
Þátttaka nemenda í góðgerðarverkefnum	